

Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2011

Stjórn og starfslið

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent, tilnefnd af guðfræðideild, varaformaður, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði Þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Haraldur Briem, dósent við læknadeild, skipaður af Háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal en var í leyfi nokkra mánuði á árinu vegna skipunar hennar í stjórnlagaráð. Stofnunin fór formlega undir Hugvísindasvið á árinu og hélt sinn fyrsta aðalfund 9. desember í samræmi við nýjar starfsreglur. Samkvæmt þeim starfar stofnunin nú innan vébanda Hugvísindastofnunar en heyrði áður undir Háskólaráð.

Rannsóknir

Siðfræðistofnun er aðili að norrænu samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði undir stjórn Linköping háskóla: *Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics* (NNPMME). Á vegum netsins var haldinn fundur í Litháen 4.-5. október. Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar, var þar kjörinn formaður samstarfsnetsins.

Forstöðumaður tók sæti í Norrænu lífsiðfræðinefndarinni og sótti fjölmarga fundi og málþing á hennar vegum á árinu. Stjórnarformaður situr í ritnefndum tímaritanna *Medicine, Health Care and Philosophy*. A European Journal. Kluwer Academic Publishers frá 2000, *Genomics and Society*. Online journal frá 2005 og *Etikk i Praksis*. Nordisk tidskrift frá 2007.

Önnur verkefni:

Á árinu kom út hjá Háskólaútgáfunni bókin *Siðfræði og samfélag* í ritröðinni Siðfræði og samtími.. Bókin, sem er sú fimmta í ritröðinni, inniheldur 11 greinar um ýmis siðfræðileg álitamál og byggir á fyrirlestrum sem haldnir voru í Þjóðarbókhöllu í tilefni 20 ára starfsárs stofnunarinnar.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmis konar ráðgjöf. Hún kom að því að móta tillögur sem er ætlað að vera leiðbeinandi við vönduð vinnubrögð í vísindum. Stjórnarformaður hefur verið í ráðgjafahópi Rannís vegna verkefnisins. Siðfræðistofnun kemur að skipulagningu meistaranáms í hagnýtri siðfræði við Sagnfræði- og heimspekideild og kennir forstöðumaður námskeið við deildina á því sviði. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og komið að kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun HÍ.

Fyrirlestrar

Deborah Sturman hélt fyrirlestur á vegum Siðfræðistofnunar, Lagastofnunar og Samtaka fjárfesta um skaðabætur til fórnarlamba helfararinnar, 11. febrúar og Sigurður Kristinsson, dósoent við Háskólann á Akureyri, hélt erindi sem hann nefndi Fagmennska sem siðfræðilegt hugtak á ársfundum stofnunarinnar 9. desember.